

1992 nr. 88 17. nóvember**Lög um innflutning**

Tóku gildi 23. nóvember 1992. *Breytt með* l. 87/1995 (tóku gildi 1. júlí 1995), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **iðnaðar- og viðskiptaráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

□ Séu í gildi innflutningstakmarkanir á einstöku sviði skal þó heimilt að flytja til landsins vörur sem ætlaðar eru fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum, milliríkjasamningum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

■ **2. gr.** ...¹⁾

¹⁾ L. 87/1995, 29. gr.

■ **3. gr.** Óheimilt er að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til útlanda fyrir vöru eða þjónustu sem háð er innflutningstakmörkunum nema undanþága hafi fengist fyrir innflutningnum.

■ **4. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ **5. gr.** [Ráðherra]¹⁾ fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

¹⁾ L. 126/2011, 170. gr.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** ...¹⁾

¹⁾ L. 87/1995, 29. gr.